

104. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða
18.09.2017



104. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn ~~mánudaginn~~ ^{frídaginn} 18. september 2017 að Aðalstræti 21, Bolungarvík og hófst hann kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Nancy Bechtloff (NB) forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 103. fundar stjórnar NAVE.

Lögð fram fundargerð 103. fundar stjórnar NAVE frá 24. apríl 2017.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Skipting verka stjórnar.

Smári Haraldsson var kjörinn fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar og formaður stjórnar NAVE á ársfundi stofunnar 31. maí 2017. Aðrir í stjórn voru kjörin þau Sigríður Gísladóttir sem fulltrúi Ísafjarðarbæjar og Þórir Sveinsson sem fulltrúi sunnanverða Vestfjarða. Á stjórnarfundinum var Þórir Sveinsson kjörinn ritari stjórnar NAVE.

3. Verkefni fyrir fiskeldisfyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum.

NB lagði fram minnisblað um verkefni og samskipti við fiskeldisfyrirtæki á sunnanverðum Vestfjörðum.

Samþykkt var að stefna að þríliða fundi forsvarsmanna NAVE, Vesturbyggðar og fiskeldisfyrirtækja á sunnanverðum Vestfjörðum til að ræða sameiginlega hagsmunum þessara aðila.

4. Verkefnastaða og horfur.

Fram kom að verkefnastaða NAVE er góð og þokkalegar góðar horfur eru um næg verkefni á næsta ári. NB var falið að taka saman og senda stjórn yfirlit verkefna sem starfsmenn stofunnar eru/hafa verið að vinna að.

Samþykkt var að NB taki saman yfirlit um helstu verkefni sem NAVE getur tekið að sér, hún mæti á 2. Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga, sem haldið verður í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi 29. og 30. september nk., og kynni sveitarstjórnarmönnum starfsemi stofunnar.

5. Fjárhagsstaða NAVE.

NAVE er með 10 millj.kr. yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka sínum og þar er um 7,8 millj.kr. nýtt af heimildinni. Útistandandi viðskiptakröfur eru um 4,5 millj.kr. og ýmiss óunnin verkefni framundan. Reksturinn er í járnnum en gert er ráð fyrir að rekstur stofunnar verði sem næst núlli á árinu.

6. Fjárveitingar á fjárlögum á næstu árum.

NB lagði fram upplýsingar um fjárveitingar á fjárlögum ríkisins á árinu 2016-2020. Á yfirlitinu kemur fram að gert er ráð fyrir lækkandi heildarframlögum ríkisins til náttúrustofa á landsbyggðinni á næstu árum eða úr 178,9 millj.kr. á árinu 2016 í 135,6 millj.kr. á árinu 2020. NB var falið að afla frekari gagna í málinu og skoða sérstaklega hvernig fjárveitingum til NAVE hefur verið háttáð á undangengnum fimm árum.

7. Önnur mál.

- a. Eftirlit með fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum. Rætt um flutning eftirlits með fiskeldi frá MAST til Umhverfisstofnunar og möguleika á samstarfi NAVE og Umhverfisstofnunar um verkefnið. Samþykkt var að NB taki saman minnispunkta um reynslu og þekkingu stofnunar á rannsóknum/verkefnum á sviði fiskeldis í sjó. Stefnt er að fundi með aðilum uppúr miðjum október nk. til að ræða möguleika á samstarfi.
- b. Húsnæðismál NAVE. NB greindi frá stöðu framkvæmda við nýtt leiguhúsnæði fyrir NAVE að Aðalstræti 10-12, Bolungarvík. Unnið er að endurbótum á húsnæðinu og vonast er til að hægt verði að flytja í nýja húsnæðið fyrir nk. áramót. ÞS greindi frá stöðu húsnæðismála útibúsins í Vesturbyggð en vegna tafa við endurbætur á húsnæðinu hefur dregist að starfsmaður stofnunar geti flutt úr núverandi húsnæði á Bíldudal í nýtt húsnæði á Patreksfirði.
- c. Samtök náttúrustofa (SNS) og viðuræður við opinbera aðila. NB upplýsti um viðuræður á fundum sem fulltrúar SNS hafa átt með umhverfisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjármálaráðherra og Sambandi ísl. sveitarfélaga um rekstur og verkefni náttúrustofa á landsbyggðinni.
- d. Starfsreglur stjórnar. Á ársfundi aðildarfélaganna NAVE haldinn í lok maí 2017 var drögum að starfsreglum stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða vísað til nýrrar stjórnar. Ákveðið var að ræða starfsreglurnar á næsta stjórnarfundum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:55.

Smári Haraldsson (sign.).

Nancy Bechtloff (sign.).

Sigríður Gísladóttir (sign.).

Þórir Sveinsson (sign.).